

Eystrahorn

36. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 20. október 2022

www.eystrahorn.is

Vel heppnuð námsferð til Noregs

Fyrstu vikuna í október fóru 10 nemendur úr FAS til Brønnøysund í Noregi og var heimsóknin liður í þriggja ára samstarfsverkefni á vegum Nordplus Junior. Þetta er síðasta árið í verkefninu. Auk Íslands og Noregs taka Finnar líka þátt í verkefninu sem ber heitið **Geoheritage, culture and sustainable communities in rural areas in Finland, Iceland and Norway**. Skólarnir þrír sem taka þátt í verkefninu eiga það sameiginlegt að vera staðsettir í dreifbýli fremur langt frá stærri byggðarkjörnum. Í verkefninu er verið að skoða jarð- og landfræðilega sérstöðu svæðanna, menningu og sjálfbærni. Í hverri heimsókn er unnið með eitt valið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og að þessu sinni var verið að vinna með markmið 14 – líf í vatni. Auk skólanna eru jarðvangar á nálægum svæðum og Vatnajökulsþjóðgarður samstarfsaðilar og á hvert land einn fulltrúa í hverri ferð. Þegar allir eru komnir saman telur hópurinn um 40 manns.

Ferðalag Íslendinganna byrjaði hálf brósuglega því þegar flugvél Icelandair ætlaði að fara af stað áleiðis til Oslóar kom í ljós að það hafði gleymst að tengja vélina við landrafmagn þegar gengið var frá henni deginum áður og því var rafhladan í flugvélinni tóm. Það tók nokkurn tíma að finna nýja rafhlöðu og skipta um hana. Flugvélin hóf sig því ekki til flugs fyrr en um tveimur og hálfum tímum eftir uppgefnin brottfarartíma og leiddi þessi seinkun til þess að hópurinn missti af tengiflugi til Þrándheims. Það hafði verið gert ráð fyrir að íslenski og finnski hópurinn myndu hittast í Osló og verða samferða. Það var líka seinkun hjá finnska hópnum og þeir misstu einnig af fluginu til Þrándheims. Þetta breytti öllum ferðaáætlunum. Hóparnir komu mun seinna til Þrándheims og nú var ekki annað í boði en að taka rútu frá Þrándheimi til Brønnøysund og þangað var ekki komið fyrr en um hálfþrjú aðfaranótt mánuðagsins. Dagskráin ytra var fjölbreytt og skemmtileg. Strax á mánuðeginum fórum við til eyjarinnar Vega.



Hópmynd við fjallið Torghatten

Þar fengu nemendur fræðslu um vistkerfi sjávar og mikilvægi þess að virða og vernda sjóinn. Á Vega og nálægum eyjum er mikið af æðarfugli og er dúntekja mikilvæg fyrir marga íbúana. Við gistum á eyjunni og næsta dag voru hóparnir fluttir á bátum yfir í eyjuna Søla þar sem deginum var eytt í það að tína rusl. Það náðist að safna um 400 kílóum af rusli og var uppistaðan í því alls konar plast en þó mest tengt sjávarútvegi.

Næsta dag var svo farið í heimsókn í laxeldisstöð. Þar fræddist hópurinn um ferlið sem á sér stað allt frá því að hrogn eru frjóvuð og yfir í fullvaxinn fisk sem er tilbúinn til slátrunar. Þá fór hópurinn einn daginn í fjöru í nágrenni skólans og skoðaði lífríkið sem er að finna þar. Það kom sannarlega mörgum á óvart hversu mikið líf er að finna í fjörunni. Það kom líka á óvart að sjá hversu mikið þar er nýtilegt og gæddu nemendur sé á bæði þangi, kröbbum og skeljum. Þá var einn eftirmiðdaginn farið að skoða fjallið Torghatten sem er einkenni fyrir svæðið. Fjallið er með gat og úr fjarlægð lítur það út eins og hattur. Auk heimsóknanna unnu nemendur í hópum að veggspjöldum sem þeir kynntu svo síðasta daginn. Heimferðin hófst seinni partinn föstudaginn 7. október. Nú var farið með ferju frá Brønnøysund til

Þrándheims og tók sú ferð 14 tíma. Þegar ferjan lagðist að bryggju beið rúta sem flutti hópin á flugvöllinn. Það gekk allt vel hjá íslenska hópnum. Nú stóðust flugtímar og í Keflavík beið rúta sem flutti hópin heim. Finnski hópurinn var ekki eins heppinn. Þegar breytingar urðu á upphaflega fluginu þeirra virðist sem að það hafi orðið mistök og ekkert fannst nú um þeirra bókun í kerfinu á flugvellinum. Og það var ekki laust í nein flug fyrr en tveimur dögum seinna. Það var því ekki um annað að gera en að panta rútu fyrir hópin sem varð að láta sig hafa það að keyra heim, um 1300 kílómetra leið. Finnarnir voru ekki komnir heim fyrr en á sunnudagsmorgun en íslenski hópurinn kom á Höfn um klukkan 23 á laugardagskvöldi.

Það er nokkur áskorun fyrir nemendur að taka þátt í svona verkefni. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að nemendur búi hverjir hjá öðrum. Í öðru lagi þarf að vera búíð að kynna sér viðfangsefnið hverju sinni til að hægt sé að taka þátt í sameiginlegri vinnu. Í þriðja lagi er það mikil áskorun fyrir marga nemendur að vinna í hópi á samskiptamáli verkefna. Samskiptamálið að þessu sinni er enska og það gefst gott tækifæri til að æfa sig í að tala, bæði í minni hópum og fyrir framan alla. Þó að þátttaka í svona verkefni geti að vissu leyti verið áskorun að þá

er það um leið einstakt tækifæri til að kynna nýju landi og lífinu þar. Venjulegur ferðamaður hefur sjaldnast tækifæri til að verða hluti af fjölskyldu í öðru landi.

FAS hefur nánast frá upphafi lagt áherslu á að gefa nemendum sínum tækifæri til að taka þátt í fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum og má segja að það sé eitt af einkennum skólans. Þeir eru orðnir nokkur hundruð sem hafa tekið þátt í erlendum samstarfsverkefnum í gegnum tíðina og hafa um leið fengið tækifæri til að kynna framandi þjóð. Oft skapast tengsl á milli nemenda og vitum við dæmi þess að þátttakendur kynnist það vel að vináttu skapist til framtíðar.

Allir þátttakendur í verkefninu stóðu sig með stakri þryði og voru landi og þjóð til sóma. Um leið var hópurinn þó tilbúinn til að gefa af sér í bæði leik og starfi.

Nordplus verkefninu lýkur í vor og þá munu hóparnir hittast í Vaala í Finnlandi. Sú ferð er áætluð seinni partinn í apríl en þá er enn vetur í Finnlandi. Þeir sem hafa áhuga geta lesið meira um ferðina á <https://geoheritage.fas.is/>

Hjördís Skírnisdóttir
Agnes Heiða Þorsteinsdóttir

GLEÐIGJAFAR

Okkur Gleðigjafa vantar karla og konur til að viðhalda kórnum. Eðlilega týnist úr hópnum af og til og endurnýjunar er þörf.



Við æfum einu sinni í viku, á þriðjudögum klukkan 17:00 í Ekru. Vonandi tekst okkur að hvetja einhverja til söngdátta, verið óhrædd að mæta og við munum taka vel á móti ykkur.

F.h. Gleðigjafa, Guðlaug Hestnes

FRÁ FERÐAFÉLAGINU

Heinaberg á Mýrum sunnudaginn 23. október



Sunnudaginn 23. október verður gönguferð um Heinabergssvæðið á Mýrum. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna, til stóð að ganga að Bakka en gönguleiðinni var breytt því líkur eru á að skýlla sé nær fjöllunum en á bersvæði miðað við veðurspána. Gönguleiðin er tiltölulega sléttlend, við tökum hringleið frá Heinabergslóni, að Bólstaðafossi og um Heina á bakaleiðinni. Gert er ráð fyrir 6 km göngu, erfiðleikastigið er 1 skór. Að venju er gott að fylgjast með veðurspá og taka fatnað sem miðast við veður, ásamt því að taka með nesti. Það eru allir velkomnir í göngur ferðafélagsins, en sé hundur með í för er hann á ábyrgð eigenda og taumur þarf að vera til taks. Brottför verður frá afgreiðslu tjaldsvæðis á Höfn kl.10 (þátttakendur þurfa sjálfir að sjá sér fyrir akstri að Heinabergi), einnig er hægt að mæta við afleggjarann að Heinabergi kl.10:30.

Öllum er velkomið að hafa samband fyrir nánari upplýsingar, Sigrún s: 864-5456. Þátttökugjald í göngu er kr.1.000 fyrir einstakling, 1.500 fyrir pör og frítt fyrir 18 ára og yngri.

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



BALL – BALL - BALL

VÖFFLUBALL 23. október kl. 15:00. Ekrubandið spilar. Kostar 1.000 kr.

ÞRIGGJA KVÖLDA FÉLAGSVIST hefst 27. október, önnur umferð 3. nóvember og þriðja umferð 10. nóvember. Kostar 1.500 kr. Kvöldið.

Munið heimsókn í **FabLab**-smiðjuna föstudaginn 21. október kl. 17:00.

Heilsan í fyrirrúmi

Úrval af rúmum og dýnum í mörgum stærðum og gerðum
Gjafir við öll tækifæri



S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HELSUFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vaf@hfn.is

Íbúð til leigu í Borgartúni, Örafum.

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir 111,3 fm. 4 herb. endaraðhús til leigu að Borgartúni 14a í Örafum. Húsið er laust til afhendingar og leigist til 31. júlí 2023.

Áhugasamir sendið tölvupóst á afgreidsla@hornafjordur.is fyrir 25. október nk. eða hringið í síma 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:.....HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófar kalestur:.....Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

Ungmennaráð tekið til starfa

Ungmennaráð Hornafjarðar 2022-2023 er nú tekið til starfa. Það er samsett af ungmennum á aldrinum 13 til 24 ára, fulltrúum frá FAS, GH, Þrykkjunni, umf. Sindra og fulltrúum úr atvinnulífinu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði auk þess sem stefnt er að skemmtilegum verkefnum með íbúum Hornafjarðar.

Ungmennaráð hefur skipað áheyrnarfulltrúa í fastanefndir sveitarfélagsins og önnur ráð. Fulltrúar eru með miklar skoðanir á því hvernig reka á sveitarfélagið og munu þeir láta rödd sína heyrast þennan veturinn.



Á myndinni frá vinstri: Tómas Nói Hauksson varaformaður, Berglind Stefánsdóttir, Stefán Birgir Bjarnason, Birta Ósk Sigurbjörnsdóttir, Patrekur Ingólfsson, Erlendur Rafnkell Svansson, Hekla Natallía Sigurðardóttir, Sigursteinn Ingvar Traustason og Selma Ýr Ívarsdóttir formaður ungmennaráðs.s
Á myndina vantar Magna Snæ Imsland Grétarsson.

Bænda HÁTÍÐ 2022

á Smyrlabjörgum laugard. 5. nóv.
matUR - skemmtun - mega BALL!

Veislustjóri Karl Örvarsson (junior)
HLÓMSVEITIN POPELEX

Miðaverð aðeins 8900 kr. á mann.
Borðhald hefst kl. 20.00

Miðapantanir í síma
892 2571 eða 478 1074



MISSIÐ EKKI AF GEGGJUÐU STUÐI!



*Langar þig að syngja í
blönduðum kór.*

Aðfundur

Samkórs Hornafjarðar

Hefðbundin aðalfundastörf

Þriðjudaginn
25. október kl. 19:00

í Safnaðarheimili Hafnarkirkju





Matráður

Óskast í fullt starf í Framhaldsskólann í
Austur-Skaftafellssýslu.
Ráðið verður í stöðuna frá áramótum.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlega
sendið póst á lind@fas.is
merktan matráður.

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Litlubrú 2 - 780 Höfn í Hornafirði - www.fas.is



Við leitum að launafulltrúa

Skinney – Þinganes hf. óskar eftir að ráða launafulltrúa á skrifstofu með starfsstöð á Höfn í Hornafirði.

Helstu verkefni:

- Launavinnsla
- Viðhald jafnlaunakerfis
- Skráning upplýsinga í launakerfi
- Skil á gögnum til opinberra aðila
- Aðstoð við gerð starfslýsinga og ráðningarsamninga
- Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni innan skrifstofunnar

Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Sjálfstæð, skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision er kostur
- Gott vald á töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsumsókn í tölvupósti til Guðrúnar Ingólfssdóttur, guðrun@sth.is. Umsóknarfrestur er til 21. október.

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá Guðrúnu í síma 470-8123.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Knattspyrnusumarið 2022



Viðurkenningahafar í meistaraflokki kvenna



Viðurkenningahafar í meistaraflokki karla

Í lok september lauk knattspyrnusumri 2022 formlega hjá meistaraflokkum Sindra. Stelpurnar okkar léku í 2.deild þar sem var spiluð einföld umferð og var deildinni svo skipt upp þar sem efstu 6 liðin léku einfalda umferð og neðstu 6 liðin léku einnig einfalda umferð. Okkar stelpur höfðuðu í 8. sæti eftir fyrri umferðina og kepptu því í neðri hlutanum. Þar enduðu þær í 3ja sæti sem er vel ásættanlegur árangur þar sem liðið okkar er ungt og margar stelpur að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Kristín Magdalena Barboza, ein af okkar efnilegu ungu leikmönnum var svo á dögnum valin í U15 landsliðið og hélt hún með þeim til Póllands í byrjun október.

Strákarnir okkar náðu að tryggja sér sæti í annarri deild fyrir loka leikinn sem fór fram 17. september en þann dag gerðu þeir gott betur og tryggðu þeir sér deildarmeistara titilinn eftir ansi dramatískar lokamínútur þar sem beðið var eftir úrslitum í leik Dalvíkur/Reynis – Augnabliks sem endaði með jafntefli og þar með var 1. sæti í riðlinum staðreynd! Okkar eini sanni Albert Eymundsson afhenti strákunum bikarinn fyrir hönd KSÍ og hafði hann sér til aðstoðar leikjahæsta leikmann Sindra, Gunnar Inga Valgeirsson. Stelpurnar léku svo sinn síðasta heimaleik helgina eftir og unnu þær stórkostlegan 3-0 sigur á móti Hamar úr Hveragerði.

Laugardaginn 17. september var svo

uppskeruhátíð meistaraflokkanna haldin í Sindrabæ þar sem boðið var upp á mat og drykk ásamt skemmtiatriðum frá leikmönnum. Þeir leikmenn sem léku sinn fyrsta mfl. leik fengu blóm og aðrar viðurkenningar og verður þeim gert grein hér fyrir ofan.

Knattspyrnudeild Sindra vill nota tækifærið og þakka öllum þeim styrktaraðilum sem stutt hafa okkur, kærlega fyrir stuðninginn þetta árið, án ykkar hefði þetta ekki verið hægt. Einnig viljum við þakka áhorfendum og stuðningmönnum fyrir ómældan stuðning og erum við full tilhlökkunar fyrir komandi keppnistímabili!

Framtíðin er björt. Áfram Sindri!

VIÐURKENNINGAR

Fyrir 50 deildarleiki

Arna Ósk Arnarsdóttir
Abdul Bangura
Björgvin Freyr Larsson
Kristofer Hernandez

Fyrir 100 deildarleiki

Mate Paponja
Þorlákur Helgi Pálmason

Besti leikmaður

Jovana Milinkovic
Þorlákur Helgi Pálmason

Mikilvægasti leikmaður

Jovana Milinkovic
Hermann Þór Ragnarsson

Mestu framfarir

Elín Ása Hjálmarsdóttir
Birkir Snær Ingólfsson

Besti félaginn

Telma Bastoz
Róbert Marwin Gunnarsson



Spjallaði við steinana í Suðursveit

Í glugga bókasafnsins má sjá þrjónað landslag með æðarfuglum á flugi ásamt símanúmeri; 537-4714, sem þið getið prufað að hringja í núna til að hlusta á leikarann Hannes Óla Ágústsson lýsa því. Verkið er eftir parið Sigrúnu Hlín Sigurðardóttur, myndlistarkonu og Friðgeir Einarsson sviðslistarmann, sem að þessu sinni er listamaður vikunnar.

„Í sumar dvaldi ég í viku með fjölskyldunni í Sléttaleiti þar sem Rithöfundasambandið á hús,“ segir Friðgeir spurður út í hvort hann þekki eitthvað til á Hornafirði. „Vegna þess að börnin voru með reyndi ég ekki einu sinni að skrifa, skildi tölvuna eftir heima og naut þess í staðinn að vera úti í náttúrunni. Reyndar ákváðum við að hafa þetta alfarið „skjálaust“ frí, neituðum okkur um að horfa á sjónvarpið, skildum símana eftir frammi í bíslagi og höfðum húslestra á verkum Þórbergs. Þetta voru góðir dagar. Ég reyndi að spjalla við steinana, þeir vildu lítið við mig tala, en það var hægt að lesa margt í þögnina.“

Hvernig listamaður er Friðgeir:

„Ég er rithöfundur og sviðslistamaður sem hefur gríðarlegan áhuga á hinu hversdagslega. Heimurinn hefur alltaf vírst mér ákaflega framandi og stundum hefur mér líðið eins og ég sé eini sem er ekki búinn að fatta hvað er í gangi. Mér finnst athyglisvert hvað venjulegt fólk hefur ákveðið að taka sér fyrir hendur í jarðlífinu, þar með talinn ég sjálfur. Um þetta bjástur fjalla ég gjarnan í skáldskap, kannski dálítið eins og ég sé að skrifa reisubækur fyrir sjálfan mig og aðra sem gætu haft smekk fyrir því sama.“

Hvað heillar við æðarfuglinn?

„Ég var ansi heillaður af dúninum, þó að reyndar sé lítið fjallað um hann í verkinu okkar Sigrúnar. Okkar þátttaka var lítuð af því að við bjuggum í Noregi á covid-tímum og áttum þess vegna mjög erfitt með að ferðast. Við tókum þann pól í hæðina að fjalla um fuglinn úr fjarlægð og fókusera á þá fjarlægð sem við sem borgarbörn höfum við þá atvinnuhætti sem eru í meiri tengslum við náttúruna. En ég kann vel við þennan fugl, hann er viðkunnalegur, við erum ekkert að abbast upp á hvorn annan þegar við hittumst. Í öðru verki á sýningunni sjáum við skýrt hvers konar undraefni þetta er, með einstaka samloðunareiginleika; stór kúla af dún situr með lítilli festingu og blaktir varla í golunni sem lítil vífta skapar. Samt er



þetta fislétt. Þetta er efni sem mannskepnan gæti ekki skapað af sjálfsdáðum.“

Listaverk Friðgeirs og Sigrúnar verður í glugga bókasafnsins næstu mánuði fyrir forvitna.

Hræðsluganga með landverði að rústunum í Ægissíðu



Landverðir á Höfn ætla að endurtaka leikinn frá því í fyrra og fagna vetrinum og myrkrinu sem honum fylgir með því að bjóða ungum sem öldnum í hræðslugöngu.

Farið verður um víðan völl og umfjöllunarefni göngunnar myrkrið, jökullinn og þjóðsögur svo eitthvað sé nefnt.

Gengið verður frá bílastæðinu hjá gömlu krossarabrantúni að rústunum í Ægissíðu með nokkrum stoppum á leiðinni.

Við mælum eindregið með því að fólk taki með sér vasaljós og jafnvel heitan drykk til að hlýja sér á meðan göngunni stendur.

Æskilegt er að börn verði í fylgd með fullorðnum enda er þetta hin besta fjölskylduskemmtun og hvetjum við unga sem aldna að mæta og fagna myrkrinu með okkur!

HOLRÆSAHREINSUN,

tæming rotþróa,
lagna myndavélar fyrir
stórar sem smáar
lagnir.

Verslum í heimabyggð

Funi ehf S: 8450955
mg8450955@gmail.com



FLÍSALAGNIR

Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum, starfsmaður með áratuga reynslu, vönduð vinnubrögð

Funi ehf S : 8450955
mg8450955@gmail.com

Pöntunarfrestur
til miðnættis á miðvikudag.

Himnesk heimsending

1. Veldu úr fjölbreyttu úrvali rétta í þinn matarþakka fyrir miðnætti á miðvikudögum.
2. Þú færð afhend hráefni í réttum skömmtum og einfaldar leiðbeiningar til að elda heima
3. Þú nýtur þess að borða góðan og fjölbreyttan mat

Í BOÐI **ELDUM**  **RÉTT**



Sýnishorn af matseðli vikunnar



Nauta Teriyaki núðlur



Carne con arroz



Ostabökuð bleikja



Ilmandi butter chicken



Bragðmikil
kjúklingapíta



Carbonara
tagliatelle pasta



Grillaður
kjúklingabátur



Ljúffengar steiktar
nautabollur



Pollo loco enchiladas



Risarækjú tagliatelle



Tex mex kjúklingalæri



Graskers dahl

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur eða breytingar á matseðli.



Skannaðu kóðann til að velja rétt

Í BOÐI

ELDUM  **RÉTT**

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Þú færð **vetrardekk** hjá okkur.
Bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir **vetrardekkja**.



GOODYEAR

HANKOOK
PERFORMANCE TIRES


Vatnajökull Dekk

Vatnajökull Dekk • Bugðuleira 2 • 780 Höfn • Sími: 839-1616